

T I L L A G A

til þingsályktunar um afnám gjaldtöku í áföngum vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Stefáni Magnússyni, Anný Ingimarsdóttur,
Árnýju Herbertsdóttur og Margréti Eggertsdóttur.
Frsm. Stefán Magnússon.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að frá og með 1. janúar 2023 skuli afnumin öll gjaldtaka vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar, sem tilgreind er í gjaldskrá kirkjuþings, sbr. auglýsingu nr. 2/2021 í Kirkjuþingstíðindum þjóðkirkjunnar.

Nefnd sú sem kirkjuþing 2020-2021, kaus í framhaldi af samþykkt 42. máls þingsins, til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar og prófastsstarfa, takist á hendur að vinna tillögur samkvæmt framanskráðu og leggi fyrir kirkjuþing 2022-2023. Nefndin kanni sérstaklega hvort afnema megi gjaldtöku í áföngum þannig að prestsþjónusta vegna æskulýðstengdrar prestsþjónustu, þ.e. skírnir og fermingarfræðsla verði gjaldfrjáls frá sem fyrst.

Áfram verði þó óbreytt fyrirkomulag á greiðslu aksturskostnaðar presta þannig að þeir sem óska þeirrar þjónustu sem nú er heimilt að innheimta akstur fyrir skv. gjaldskránni, greiði presti þann kostnað.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja æskilegt og löngu tímabært að fella brott þær greiðslur sem innheimtar eru hjá þeim sem óska eftir tiltekinni prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Í gildi er gjaldskrá kirkjuþings um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar, sbr. auglýsingu nr. 2/2021 í Kirkjuþingstíðindum þjóðkirkjunnar. Innheimta þessi er í dag á ábyrgð kirkjuþings og er lagt til, í því ljósi, að þingið falli frá henni. Hinn 21. júní 2021 var samþykktur nýr kjarasamningur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands.

Laun presta samkvæmt kjarasamningnum verða að teljast ágæt með hliðsjón af launum allra þeirra sem eru í BHM.

Vígð þjónusta kirkjunnar á ávallt að vera grundvölluð á kristilegum kærleika og sem mest án hindrana fyrir fólk. Það er tímaskekkja og fráhrindandi ásýnd kirkjulegrar þjónustu að prestur sem þjónar fólki á gleði- og sorgarstundum sendi viðkomandi síðan reikning vegna þjónustu sinnar. Þetta dregur mjög úr trúverðugleika kirkjulegrar þjónustu. Einkum er þetta slæm birtingarmynd þegar um efnalítið fólk er að ræða. Viðeigandi er að kirkjuþing svari strax ákalli því, sem fram hefur komið í stefnumótunarvinnu kirkjunnar undanfarna mánuði um stóreflt æskulýðsstarf kirkjunnar með því að afnema óþarfar hindranir í formi gjalddöku vegna skírna og ferminga. Lagt er til að athugað verði hvort afnema megi gjaldskrána í áföngum. Þá er lagt til að nefnd sú, sem kirkjuþing 2020-2021, kaus í framhaldi af samþykkt 42. máls þingsins, til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu þjóðkirkjunnar og prófastsstarfa, takist á hendur að vinna tillögur samkvæmt framanskráðu og leggi fyrir kirkjuþing 2022-2023.

Ljóst er að hér er um kjör presta að ræða og því telja flutningsmenn rétt að rætt verði við Prestafélag Íslands og kjaranefnd kirkjunnar við undirbúning á innleiðingu þeirra breytinga sem mál þetta fjallar um.

Flutningsmenn telja hins vegar rétt að ferðakostnaður prests vegna þjónustu greiði áfram sá sem beiðist verksins með sama hætti og verið hefur, sbr. 4. gr. gjaldskrárinnar, en að það haldist jafnframt að ekki sé innheimtur ferðakostnaður vegna fermingar.